



Fjölbrotarskóli Snæfellinga

## **Fundargerð 53. fundar skólanefndar.**

**Dagsetning: þriðjudagur 8. febrúar 2011.**

**Viðstaddir:** Kjartan Páll Einarsson (formaður), Jón Eggert Bragason, Pétur Ingi Guðmundsson, Sigríður Finsen, Magnús Þór Jónsson, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Davíð Magnússon áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður skólanefndar setti fund og fór stuttlega yfir atburði líðandi stundar. Fundur í Borgarnesi varðandi samstarf framhaldsskólanna á Vesturlandi, sjá lið 3.

### Dagskrá:

1. Upphaf vorannar 2011. Nemendur í FSN eru 191, þar af eru 30 dreifnemendur og 24 í framhaldsdeild. Aðeins tveir starfsmenn eru með yfirvinnu. Kennari við skólann hefur fengið námsleyfi á næsta ári. Fjórar ferðir Vestfirðinga fyrirhugaðar á vorönn 2011. Þar af er ein ferð búin.
2. Námskrárvinna og ný braut til framhaldsskólaprófs. Búið er að senda umsókn í mennta- og menningarmálaráðuneytið um tveggja ára braut sem tengist nærumhverfi og atvinnulífi á svæðinu. Brautin heitir Öryggis- og þjónustubraut. Áfangar eru meðal annars saga svæðisins, náttúra svæðisins, leiðsögn, þjónusta og ýmsir grunnáfangar. Vonir standa til að öryggis- og þjónustubrautin muni fara af stað haust 2011.  
Þrír hópar eru í undirbúningsvinnu til þess að geta boðið samstarfsáfangana í námskrárvinnu haust 2011.
3. Samstarf framhaldsskólanna á Vesturlandi, frá fundi í Borgarnesi janúar 2011. Fyrsti kostur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti var að skólarnir yrðu með eina fjárveitingu og minni yfirstjórn. Annar kostur var að halda í sjálfstæði skólanna þriggja en finna leiðir til hagræðingar og samstarfs á Vesturlandi. Þriðji kosturinn væri frelsi skólanna og frelsi til samstarfs með hverjum sem er. Niðurstaða fundarins var á þá leið að fyrsti kostur væri ekki fýsilegur. Skólameistari hefur áhuga á að víkka námsframboð í FSN sem virkar sem fyrsta ár í verknámi eins og vélvirkjun, húsasmíði og málmsmíði. Fyrirhugaður er fundur á fimmtudaginn sem mun verða fyrsta skref í að reyna að finna samstarfsflöt fyrir skólana á Vesturlandi.
4. Kynning á FSN. Skólameistari fór í grunnskóla Grundarfjarðar ásamt þremur kennurum í dag og kynntu FSN. Fyrirhugaðir eru fundir í hinum grunnskólum á Snæfellsnesinu ásamt foreldrakynningum. Námsráðgjafi skrifaði grein í Skessuhorn um skólann, formaður nemendafélagsins var einnig kynntur í Skessuhorn. Þann 19. mars verður kynning á stofnunum og fyrirtækjum í FSN. FSN hefur ákveðið að vera með kynningu. Námsráðgjafi er búinn að búa til hóp útskrifaðra nemenda FSN á facebook. Útskrifaðir nemendur hafa sýnt þessu mikinn áhuga og mörg jákvæð bréf um FSN hafa borist.



Fjölbrautarskóli Snæfellinga

5. Teen-Tv, comeniusarverkefni FSN. Fjörutíu gestir eru væntanlegir í mars. Kvenfélagið Gleym mér ei hefur ákveðið að styrkja verkefnið en styrki vantar til að koma til móts við kostnað vegna heimsóknarinnar. Sótt var um styrk til mennta- og menningarráðuneytisins um frjálsan og opinn hugbúnað. Um er að ræða leiðbeiningarsíðu að ýmsum forritum.
6. Sóldardagar –þemadagar 17. og 18. febrúar sem enda á árshátíð. Logi Geirsson mun koma og hitta krakkana á föstudeginum. Hann mun tala um sjálfstraust og hafa sýnikennslu í handbolta. FSN var búinn að bjóða nemendum í grunnskólum á Snæfellsnesi. Í boði verður meðal annars eftirréttagerð, skylmingar o.fl. Undankeppni söngvakeppni framhaldsskólanna verður fimmtudagskvöldið 17. febrúar.
7. Drög að ársreikningi 2010 - Rekstraráætlun 2011. Rekstraráætlun 2011 hefur ekki verið samþykkt og enn hefur ekkert rekstrarfé borist. Enn þarf að biðja um rekstrarfé í hverjum mánuði vegna slæmrar stöðu skólans.
8. Skólasamningsfundur í ráðuneytinu föstudaginn 25. febrúar 13-15:00. Skólameistari, fjármálastjóri og formaður skólanefndar hafa farið á þennan fund. Formaður skólanefndar eða Björg munu fara á fund fyrir hönd skólanefndar. Skólameistari fer með árskýrslu ásamt skólasamningi.
9. Niðurstöður úttektar á starfsemi framhaldsdeildar á Patreksfirði. Skýrslan barst ráðuneytinu 10. desember 2010. Skólameistari fékk skýrsluna í hendurnar 10. janúar 2011 og bíður eftir að vera boðaður á fund varðandi framhald framhaldsdeildarinnar á Patreksfirði. Skýrslan fjallar nokkuð ítarlega um mannauðinn en gerir fjármálum ekki nógu góð skil. Skólameistari mun hafa samband við meðlimi skólanefndar þegar fundarboð liggur fyrir.
10. Önnur mál
  - Unnið er að útboði vegna skólaaksturs á Snæfellsnesi vegna FSN.
  - Ábyrg samskipti – Þorgrímur Þráinsson kemur í alla grunnskóla á Snæfellsnes í næstu viku. Búið er að hafa samband við forvarnarfulltrúa í FSN.
  - Útskriftarhópur í FSN samanstendur af 25 nemendum. Þau hafa haldið námsmaraþon og stendur til að halda ball næsta föstudag.

Fundi slitið kl. 18:20.